

Andi hvalsins

Hvalurinn er talinn heilagur í fjölmögum menningarheimum. Til dæmis má nefna lñupiat, hóp frumbyggja frá Alaska, en á meðal þeirra ríkir sterkt samband á milli manns og hvals. Þegar dýrið hefur „fórnar líkama sínum“ er sál þess meðhöndluð af mikilli nærgætni og natni: sneiða þarf höfuðið frá holdi þess til þess að frelsa sálina á öruggan hátt. Hvalurinn gefur líkama sinn til fólksins en sál hans snýr aftur til hvalanna sem enn synda um djúp hafsins.¹ Einnig er hefð fyrir því að skila beinunum af fyrsta laxinum á veiðitímabilinu aftur í ána svo hann geti endurholdgast. Þetta er lýsandi fyrir þá miklu virðingu sem ríkir gagnvart náttúrunni í fjölda annarra menningarheima.²




Tákñfræði

Lífbein hefur verið talið hið heilaga bein líkamans (e. sacrum.) Enska orðið *sacrum* kemur upphaflega frá latínska orðinu *os sacrum* sem merkir heilagt bein. Mesó-amerísk tungumál hafa einnig gefið þessu beini orð sem tengjast heilagleika á einhvern hátt alveg óháð latneskum uppruna orðsins í ensku. Í mesó-amerískri menningu til forna var lífbeinið talið gátt inn í annan heim og tákñ endurfæðingar. Lífbeinið var þungamiðja helgiathafna og í gegnum lífbeinið gátu andar og sjamanar ferðast á milli heima.³ Íslenska orðið „lífbein“ vísar einnig í tengingu beinsins við fæðingu nýs lífs.



Horfið?

Hvalasafnið í Reykjavík, Whales of Iceland, tók meðvitaða ákvörðun um að sleppa lífbeinu, bæði á alvöru hvalabeinagrindum sem finna má á safninu, sem og á skýringarmyndum. Aðspurður starfsmaður hvalasafnsins sagði að ástæðan væri sú að lífbeinið gegndi engum augljósum tilgangi og væri þar að auki vesen að setja upp. Þetta væri vegna þess að lífbeinið er ekki tengt öðrum hlutum beinagrindarinnar. Starfsmaður hvalasafnsins taldi líka ólíklegt að þau ættu einhver lífbein í geymslu. Lífbeinum er einnig sleppt á fjölmögum skýringarmyndum sem birtast á google sé leitað að myndum af beinagrind hvalsins. Það var því ekki fyrr en á Hvalasafninu á Húsavík sem nemendur uppgötvuðu tilvist lífbeina í beinagrindum hvala sem héngu þar í lausu lofti.



Þróun

Lengi vel hefur vísindaheimurinn furðað sig á því að hvalurinn sé með lífbein, þar sem það virðist fullkomlega tilgangslaust við fyrstu sýn. Hvalurinn er spendýr og kemur af landdýrum líkt og maðurinn. Lífbeinið er í raun leifar af mjaðmabeinum sem nýttust forfeðrum hvalsins vel á þurru landi. Vísindamönnum er því ráðgáta að það finnist ennþá í hvöllum eftir tugi milljóna ára þróun. Nýlega hefur sú kenning verið sett fram af líffræðingum að þetta dularfulla bein þjóni þeim tilgangi að tarfar (karlkyns hvalir) hafi betri stjórn á kynfærum sínum í mökun. Því flóknara sem beinið er, því sterkari líkur eru á því að tarfurinn nái að tryggja sér faðerni.⁴ Þetta útskýrir þó ekki tilvist lífbeinsins í kúm (kvenkyns hvöllum.)

- 1 Stross, Brian, "THE MESOAMERICAN SACRUM BONE: DOORWAY TO THE OTHERWORLD," (2007).
 2 Jefferson, Warren, "Reincarnation Beliefs: Soul Journey, Metamorphosis, and Near Death Experience," I. útg. (Summertown :Native Voices, 2009).
 3 Hyde, Lewis The Gift, (New York: Canongate books, 2007).
 4 Reull, Peter „Status shift for pelvic bones,” The Harvard Gazette, 2008,
<https://news.harvard.edu/gazette/story/2014/10/status-shift-for-whale-pelvic-bones/>

